

# FJÖLGUN Í FASTARÁÐUM

TILLAGA TIL SKÁTAPINGS 2022



Ný grein um kosningu ungmennaráðs var samþykkt á Skátabingi 2021, við samþykkt hennar yfirsást að skilgreina aðkomu uppstillingarnefndar að kjöri í ungmannaráð og því ákveðið að ungmannaráð tæki á móti framboðum. Fyrir Ungmennapíng barst eingöngu eitt framboð en hin tvö bárust á þinginu sjálfu. Það óheppilega var þó að allir einstaklingar sem buðu sig fram voru af sama kyni. Ungmannaráð hefur leitað til stjórnar BÍS um hvernig sé nú hægt að leiðréttu kynjahallan.

Uppstillinganefnd taldi að í lögum BÍS væru eingöngu skilgreindur lágmarksfjöldi þegar kæmi að kjöri í fastaráð BÍS og því buðu fleiri en 3 aðilar fram bæði í Útilífsráði og Skátaskólanum. Hið rétta er að [samkvæmt 26. grein laga BÍS](#) hefði stjórn þurft að auglýsa með fundarboði ef fleiri en 3 ættu að vera í kjöri í ákveðnu fastaráði.

Það eru hins vegar gleðitíðindi að fleiri aðilar hafi gefið kost á sér í þessi ráð og verkefni ráðanna eru ærin. Það væri mikill missir að geta ekki nýtt þetta góða fólk í þessum ráðum. Enn hefur ekki skapast nægileg reynsla með kosningar í nýju fyrirkomulagi til að stjórn hafi sérstaklega tekið afstöðu til þess hvort þau vildu fá fleiri fulltrúa í ákveðin fastaráð eða halda sig við lágmarksfjölða. En sennilega má ætla að sæti í fastaráð verði auglýst á einhverju bili í næstu kosningum með skýrum neðri og efri mörkum til að læra af þessu.

Því leggur stjórn BÍS til við Skátabing 2022 að samþykkja kjör tveggja fulltrúa til viðbótar í ungmannaráð til að ná yfirlýstum markmiðum í lögum BÍS um jafnræði kynja í ráðum BÍS. Ásamt því að samþykkja kjör eins fulltrúa til viðbótar bæði í Útilífsráði og Skátaskólanum til að skátaþreyfingin öll geti notið aukinna krafta við þau mikilvægu mál sem þau fastaráð munu sinna næstu misserin.

